

**Nd.**

## **850. Frumvarp til laga**

um sérstakar fyrningaráfskriftir.

Frá sjávarútvegsnefnd.

### **1. gr.**

Þær eftirtaldar eignir, sem teknar eru í fyrstu notkun á árunum 1944—1948 incl., má i stað venjulegra fyrningaráfskrifta afskrifa um 20% á ári í 3 ár frá því er þær eru teknar í notkun, þó ekki fyrr en frá 1. janúar 1946 að telja: fiskiskip og önnur veiðiskip, fiskvinnslustöðvar, síldarverksmiðjur og dráttarbrautir.

### **2. gr.**

Þegar afskrift er í fyrsta sinn ákveðin samkvæmt 1. gr., skulu skattayfirvöld ákveða heildaráfskriftarupphæð hverrar eignar.

Nú gengur eign kaupum og sölum, og skal þá hinn síðari eigandi aldrei njóta hærri afskrifta en hinn fyrsti hefði notið.

### **3. gr.**

Ef lán hefur verið tekið úr Stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til kaupa á eign, sem afskrifuð er samkvæmt lögum þessum, er afskriftin því skilyrði bundin, að öll afskriftarupphæðin gangi til afborgunar á láninu, enda hafi hlutaðeigandi tekjuafgang sem afskriftinni nemur.

### **4. gr.**

Tap það, sem kann að orsakast af afskriftunum, má flytja á milli ára og draga frá skattskyldum tekjum, unz því hefur verið náð upp.

Fyrir árslok 1947 skal ákveða með reglugerð, hver skuli vera fyrningaráhundradóshlutí þeirra eigna, sem afskrifaðar hafa verið samkvæmt lögum þessum, eftir að afskrift samkvæmt þeim hefur verið lokið.

### **5. gr.**

Afskriftahækkanir samkvæmt lögum þessum skerða í engu rétt bæjar- og sveitarfélaga til útsvarsálagningar á aðila þá, sem afskriftanna njóta.

### **6. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Frv. þetta er flutt samkvæmt beiðni fjármálaráðherra, og áskilja einstakir nefndarmenn sér rétt til að fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.